

Nd.

523. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903
(eftir 3. umr. í Ed.).

Helstu efnisbreytingar í frumvarpinu er háttvirt efri deild hefir samþykkt, eru þessar:

1. Að aukakjörskrá skuli samin í maímánuði og á hana settir þeir kjósendur, er fallið hafa burt af aðalkjörskrá, þótt ekki hafi kært (í 1. gr.).
2. Að frestir allir við kærur og aðfinningar við aukakjörskrá séu þriðjungi styttri en við aðalkjörskrá (2. gr.).
3. Að ef frambjóðandi deyr skömmu áður en kosning fer fram, megi annar maður bjóða sig fram, þótt liðinn sé framboðsfrestur (4. gr.).
4. Að ef kosning ferst fyrir á ákveðnum degi, skuli hvatt til kjörfundar að nýju eftir nánari fyrirmælum laganna (8. gr.).

Allar þessar breytingar telur nefndin til bóta, og ræður háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 19. apríl 1909.

Jóh. Jóhannesson, Ólafur Briem, Eggert Pálsson.
formaður. skrifari og framsögum.
Þorleifur Jónsson. Jón Þorkelsson.